

269. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2016 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

**Mættir:**


Kristjana Hermannsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá Áttthagastofu Snæfellsbæjar, dags. 2. febrúar 2016, varðandi ósk um styrk til enduropnunar á Sjávarsafninu í Ólafsvík. Vísað til bæjarráðs frá bærarstjórn.**  
Tölvubréf barst í morgun frá aðstandendum Sjávarsafnsins þar sem óskað var eftir því að ákvörðun um styrk verði frestað til næsta bærarstjórnarfundar og óskuðu þau jafnframt eftir því að fá að mæta á þann bærarstjórnarfund til að fylgja erindinu eftir.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að verða við þeirri ósk að aðstandendur Sjávarsafnsins mæti á næsta bærarstjórnarfund til að útskýra erindið betur og verður afgreiðsla styrkbeiðnarinnar frestað til þess tíma.
- 2) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 15. febrúar 2016, varðandi ósk um umsögn bærarstjórnar um breytingu á rekstrarleyfi á eyrunum vegna Gistiheimilisins Traða. Áður frestað hjá bærarstjórn á meðan beðið var eftir samningi við sorphirðufyrirtæki um sorphirðu. Hann liggur nú fyrir.**  
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Á eyrunum um breytingu á rekstrarleyfi vegna Gistiheimilisins Traða í Staðarsveit í Snæfellsbæ, að því tilskyldu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 3) **Bréf frá Valgerði Hlín Kristmannsdóttur, ódags., varðandi umsókn um ferðastyrk.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 50.000.- en óskar jafnframt eftir því að hún athugi hvort ekki sé möguleiki á því að kynna þetta áhugaverða verkefni fyrir íbúum Snæfellsbæjar við gott tækifæri.
- 4) **Umsókn Þórs Magnússonar, dags. 27. janúar 2016, um að fá að halda hundinn Stiklu.**  
Bæjarráð samþykkti umsóknina samhljóða.
- 5) **Bréf frá Umboðsmanni barna, dags. 4. febrúar 2016, varðandi áskorun til sveitarfélaga um að hlífa börnum við niðurskurði.**  
Bæjarráð vill vekja athygli á því að í Snæfellsbæ hefur ekki verið skorið niður þegar kemur að barnastarfi, það er frekar að árlega sé bætt við þjónustu til þeirra.
- 6) **Bréf frá Vegagerðinni, dags. 7. janúar 2016, varðandi beiðni Snæfellsbæjar um vetrarþjónustu að Búðum og Búðakirkju.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra að vinna að lausn málsins.
- 7) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri ræddi árshátíð Snæfellsbæjar.
  - b) Bærarstjóri ræddi dóm Félagsdóms.
  - c) Bærarstjóri sagði frá fundum sem hann hefur farið á undanfarið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45

  
Kristjana Hermannsdóttir


FS. BAKA  
HJ




Björn H Hilmarsson



Friða Sveinsdóttir



Kristinn Jónasson, bæjarsjóri



Lilja Ólafardóttir, bæjarritari